

Alþingi  
Erindi nr. P 139 / 2011  
komudagur 9.5.2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is


Reykjavík, 9. maí 2011  
RH/SLB/033/2011

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.) – 748. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 19. apríl 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í lögnum hvað telst til ósamrýmanlegra réttinda á sama tímabili og foreldri ætla að nýta sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Því er lagt til meðal annars að foreldri sem nýtur endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða greiðslna samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna geti ekki á sama tíma nýtt sér rétt sinn til fæðingarstyrks eða greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Stofnunin fagnar því að skýrt verði kveðið á um það í lögum hvað séu ósamrýmanleg réttindi á sama tímabili. Að öðru leyti hefur stofnunin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

  
Sigríður Lillý Baldursdóttir  
forstjóri